






Skannaðu kóðann til að kjósa

Betri GARÐABÆR

Við kjósum 8. - 20. maí

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989


Apótek
 Garðabæjar
 Opíð 9-18:30 virka daga
 Opíð 10-16 á laugardögum
 Sími 577 5010
 Litlatúni 3 · 210 Gbæ


Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

17. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 9. maí 2024


Oftar en ekki opið

Garðabær Opíð alla daga frá 8-23:30


Krambúðin


FASTEIGNASALAN TORG
 KRAFTUR
 TRAUST
 ÁRANGUR

 Sigurður Gunnlaugsson
 löggiltur fasteignasali
 Sími 898 6106


FLATEY
 PIZZA NAPOLETANA
 Garðatorgi 6. S.568 2666


Lyfjaval
 HÉLSA & HÉRINGJA

 24/7
 OPIÐ
 Bílaapótek Lyfjavals
 Hæðasmára

Ástu komið á óvart á 100 ára afmælinu sínu



Ásta var himinlifandi með þessu óvæntu uppákomu í tilefni af 100 ára afmæli hennar, en með henni á myndinni er Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Hólmfríður Karlsdóttir, dóttir hennar og Halldóra Guðmundsdóttir formaður húsfélagsins á Garðatorgi 7

Ásta Hannesdóttir náði þeim merka áfanga sl. þriðjudag að fagna 100 ára afmæli sínu. Af þessu tilefni komu nokkir vinir hennar, Garðakórinn og nágrennar hennar á Garðatorgi 7 saman til að koma henni á óvart með fallegum

afmæli söng og stuttum ávörpum henni til heiðurs. Þrátt fyrir þennan góða aldur þá geislar hreinlega af Ástu, hún er mjög hress og hún lítur ótrúlega vel út, en hún býr ein á Garðatorgi. (Sjá framhald á blaðsíðu 2).


KOMIN TÍMA SKOÐUN?
 Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is

 Frumherji


HAFID
 FISKVERSLUN
 - Gæðin skipta mátt -
 Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



YUZU HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ
 "SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

LEMON
 KOMBÓ MÁNADARINS
TUNACADO & DAZED
 MEIRA HOLLT - MEIRA NAMM

 2.390 KR.

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR


hjá eftirfarandi fyrirtækjum:











LIND
 FASTEIGNASALA
 Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálingu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmíðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsöolum.

Rekstrarniðurstaða Garðabæjar jákvæð um 1.642 millj. kr.

Vöxtur og uppbygging einkenna ársuppgjör Garðabæjar

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2023 samþykktur á bæjarstjórnarfundum sl. fimmtudag.

Eigið fé Garðabæjar 26.778 millj. kr
Rekstrarniðurstaða Garðabæjar var jákvæð um 1.642 millj. kr. fyrir A og B hluta, en útkomuspá skv. fjárhagsáætlun 2023 gerði ráð fyrir 1.696 m.kr. jákvæðum rekstrarafgangi á árinu 2023. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2023 nam 26.778 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Rekstrargjöld námu samtals 23.613 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 22.837 m.kr. Frávikidið er um 3%, en verðbólga á árinu var um 8% eða um 3% yfir þjóðhagsspá sem lögð var til grundvallar við samþykkt áætlunarnar.

Jákvæð afkoma ánægjuefni

„Miklar framkvæmdir, háir vextir og verðbólga og á heildina lítið afar krefjandi rekstrarumhverfi einkenna ársreikninginn fyrir árið 2023. Í ljósi þess er jákvæð afkoma ánægjuefni. Við erum þó mjög meðvítuð um að grunnrekstur bæjarins þarf að batna. Viðamiklar hagræðingaraðgerðir sem komu fram í fjárhagsáætlun ársins 2024 eru því afar þýðingarmiklar. Garðabær er gott og sterkt samfélag sem hefur vaxið hratt á undanförunum árum og við ætlum okkur að verja traustan fjárhag bæjar-



Almar Guðmundsson

ins.“ segir Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar.

Alls námu framkvæmir ársins 8.865 m.kr. - Miklar framkvæmdir og hóflegar skuldir

Á árinu voru tekin langtímalán að fjárhæð 4.000 m.kr. og greidd niður lán að fjárhæð 1.702 m.kr. Alls námu framkvæmir ársins 8.865 m.kr. þar af námu framkvæmdir í A hluta 7.547 m.kr. Helstu framkvæmdir ársins voru til skólabygginga og skólalóða samtals um 5.790 m.kr., til vatns- og fráveitufarmkvæmda 1.074 m.kr. og til gagnagerðar, hljóðvistar og stígagerðar 530 m.kr., auk fjölmargra annarra smærri verkefna.

Íbúum fjölgaði um 3,1 árinu 2023

Kennitölur í rekstri bera vott um trausta fjárhagsstöðu Garðabæjar. Skuldaviðmið nemur 96%. Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 5,6% og fjárfesting ársins nam 34% af rekstrartekjum. Útsvar sem hlutfall af heildarrekkstrartekjum nam 54%. Aðrar tekjur námu 30% af heildarrekkstrartekjum eða sama hlutfall og árið 2022. Staða skammtímaskulda er óvenju há í árslok 2023 en það skýrist einkum af ógreiddum byggingarréttargjöldum á uppgjörstigi og óinnheimtum gagnagerðartekjum vegna nýrra hverfa sem eru í uppbyggingu. Á næstu misserum munu gagnagerðartekjur skila sér af auknum þunga. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru íbúar í Garðabæ 19.088. Þann 1. janúar sl. og hafði fjölgað um 3,1% á árinu 2023.

Uppbygging fram undan samhliða byggingu nýrra hverfa

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á liðnum árum í Garðabæ og enn frekari uppbygging er fyrir séð á næstu árum. Traust fjárhagsstaða er undirstaða þess að Garðabær sé vel undir það búinn að mæta þjónustu við fjölgun nýrra íbúa samhliða uppbyggingu nýrra hverfa, meðal annars á Álftanesi, á Hnoðraholti og í Vetramýri. Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti samhliða við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið



Urriðaholtsskóli

2024 að hækka álagningarhlutfall útsvars úr 13,92% í 14,71% en jafnframt lækkaði tekjuskattur ríkisins um 0,23%. Áfram er álagningarhlutfall útsvars í Garðabæ með því lægsta meðal stærri sveitarfélaga landsins. Að auki var ráðist í viðtækar aðgerðir, sem skila eiga 500 m.kr. hagræðingu í rekstri. Ráðstöfunin er gerð til að styrkja enn frekar rekstur sveitarfélagsins og mæta kröfum um áframhaldandi framúrskarandi þjónustu.

Umfangsmiklar endurbætur hafa átt sér stað á skólalúsnæði á síðustu misserum með stórbættri aðstöðu fyrir börn og starfsmenn. Auk þess sem lokið er byggingu nýs leikskóla við Holtsgötu í Urriðaholti sem tók

til starfa í mars sl. og einnig er verið að ljúka framkvæmdum við annan áfanga Urriðaholtsskóla sem tekin verður að fullu í notkun á næstu vikum. Útboð þriðja áfanga skólans þar sem gert er ráð fyrir íþróttasal og innisundlaug ásamt tilheyrandi kennslurýmum hefur verið auglýst.

Í þriggja ára áætlun sem var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 7. desember 2023 er lögð áhersla á áframhaldandi endurbætur á skólalúsnæði auk mikillar uppbyggingar á nýjum skóla- og íþróttamannvirkjum. Mikilvægar veitufarmkvæmdir eru í undirbúningi en dregið verður úr ýmsum öðrum framkvæmdum til að mæta aðhaldskröfum og hagræðingu.

Framhald af forsiðu Ásta komið á óvart á 100 ára afmælinu hennar

Garðbæingur í 58 ár

Eins og segir á forsiðunni var bankað upp á hjá Ástu á Garðatorgi þar sem hún var með léttan afmælisfagnað með sínum nánustu og þetta kom henni því algjörlega á óvart.

Á Garðatorgi tók svo við falleg dagskrá, en Garðakór, kór eldri borgara, söng fyrir hana fjögur lög og auðvitað var byrjað á afmælisöngnum og tóku allir viðstaddir undir. Halldóra Guðmundsdóttir, formaður

húsfélagsins á Garðatorgi flutti ávarp sem og Almar Guðmundsson bæjarstjóri sem færði afmælisbarninu einnig blómvönd frá bænum og bæjarbúum. Þá voru keyptar fyrir hana 100 rauðar rósir sem Jóhann Baldvinsson, kórstjóri Garðakórsins, og hver kórfélagi fyrir sig ætlaði að afhenda henni, en að lokum tók hún bara við 10 rósum þar sem hún gat ekki bætt þeim við í allt blómahafið sem hún var komin með



Ásta ásamt dóttur sinni Hólmfríði á afmælisdaginn



heim til sín og því fengu kórfélagar og vinir hennar á torginu eina rós með sér heim.

Búinn að vera Garðbæingur í 58 ár

Ásta er fædd í Vestur-Húnavatnssýslu miðvikudaginn 7. maí 1924. Hún var gift Karli Guðmundssyni verkfræðingi (1924-2014). Dóttir þeirra er Hólmfríður f. 3.6.1963, leikskólakennari, gift Elfari Rúnarssyni f. 29.6.1963, lögfræðingi. Börn þeirra eru: Anton Örn f. 16.9.1989, Rúnar Karl f. 23.6.1991 og Ásta Gígja f. 8.8.1997.

Foreldrar Ástu voru; Hólmfríður Ólavía Jónsdóttir og Hannes Jónsson bóndi, kaupfélagsstjóri á Hvammstanga, útgerðarmaður og alþingismaður 1927-1937.

Karl og Ásta byggðu sér hús á Bakkafli 7, árið 1966 og fluttu síðan á Garðatorg 7, árið 2007. Hún er því búin að vera Garðbæingur í 58 ár.

Ásta ásamt nágretta sínum, Stefáníu Magnúsdóttur



Ásta Hannesdóttir 100 ára

- Árið 1924 hafði verið verið fremur kalt því þrálát köld tunga norðan úr höfum lá yfir Húnaflóa. En eins og oft er í þurru og köldu vori náðu geislar sólarinnar að leika hlýtt um grundir og tún Húnavatnssýslu á fæðingardeggi Ástu. (veður heim; Einar Sveinbjörnsson) Þá hlýju geisla tók Ásta með sér út í lífið og nú 100 árum síðar er ótrúlegt hvað yllur þeirra hefur vermt, - og vermir enn, - öllu hennar samferðaafólki.
- Sex vikna gömul var henni komið fyrir á hestbaki og færð til skírinnar að Undirfelli í Vatnsdal.
- Ásta lærði hjúkrun á Íslandi og fór síðan í framhaldsnám til Danmerkur. Hún starfaði m.a. á Heilsuverndarstöðinni en lengst af á Vífilsstöðum eftir að hún flutti í Garðabæ.
- Hún var virk í félagsstarfi í Garðabæ, s.s. leikfimiþópum, sundleikfimi, félagsvist eldri borgara, o.fl.
- Alveg fram undir þetta hefur oft mátt rekast á hana á þúttvellingum við Vífils-

Garðakórinn, kór eldri borgara söng m.a. afmælisönginn fyrir Ástu og að sjálfsgögu tóku allir viðstaddir undir

staðaveg þar sem hún æfir golf.

- Í október í haust varð hún fyrir því óláni að detta og brotnaði á báðum mjóðum. En með einstökum dugnaði sínum og góðri sjúkraþjálfun á Hjúkrunarheimilinu Eir tókst henni að komast heim fyrir júl, þar sem hún sér alveg um sig sjálf, þó með góðri félagsaðstoð.
- Hún er gestrisin, minnug og skemmtileg heim að sækja og oft en ekki eru nýbakaðar pönnukökur með rjóma í boði með kaffinu.
- Ásta er einstaklega brosmild, jákvæð og dugleg og hlý. Hún lítur reglulega til nágretta sinna til að athuga stöðuna hjá þeim og margir segja að hjúkrunarbankan blundi enn í henni. Ásta; innilega til hamingju með 100 ára afmælið.

Margir nágrettar Ástu á Garðatorgi voru komnir út á svalir til að óska afmælisbarninu til hamingju



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA

 Frímann 897 2468	 Hálfán 898 5765	 Ólöf 898 3075	 Kristín 699 0512
--	---	---	--

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is





GARÐABÆR




Betri



GARÐABÆR

Við kjósum 8. - 20. maí

Skannaðu kóðann til að kjósa



GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út 16. eða 23. maí

Síðasti skiladagur föstudaginn 10. maí
valdimar@gp.is - Sími 697 4020
Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár (Frá 1989)

Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is
Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ
VIRÐING
TRAUST
REYNLSLA

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sværir Einarsson
Útfararstjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfararstjóri
S: 793 4455



Jóhanna Eiríksdóttir
Umsjón útfara



Guðmundur Örn Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umsjón útfara
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta

S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

utforin.is

REYKJAVÍK | KÓPAVOGI | GARÐABÆ | HAFNARFIRÐI | LANDSBYGGÐINNI

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSAÞÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

Frír afmæliskaffibolli fyrir alla Garðbæinga á Te & Kaffi

Te & Kaffi fagnar um þessar mundir 40 ára stórafmæli og af því tilefni býður fyrirtækið Garðbæingum og í raun öllum landsmönnum upp á frían kaffibolla til 1. júní nk.

Te & Kaffi rekur átta kaffihús á höfuðborgarsvæðinu og meðal annars vinsælt kaffihús á Garðatorgi. Það var árið 1984 sem hjónin Sigmundur Dýrfjörð og Berglind Guðbrandsdóttir opnuðu Te & Kaffi og fóru að bjóða íslendingum upp á ferskt sælkera-kaffi og tei í lausavigt og nú 40 árum síðar rekur fyrirtækið öflugum umhverfisvæna kaffibrennslu og 8 kaffihús víðsvegur um höfuðborgarsvæðið

Te & Kaffi hefur allt frá upphafi verið fjölskyldufyrirtæki, en ævintýrið hófst með lítilli teubúð á Barónsstíg þar sem ástríða fyrir hágæða tei og kaffi smitaði út frá sér og viðskiptavinunum fjölgaði ört. Nú 40 árum síðar er Te & Kaffi enn rekið af fjölskyldunni og með sömu ástríðu sem tryggt hefur Íslenskum kaffiunnendum hágæða te og kaffi í öll þessi ár.

Garðapósturinn heyrði í Halldóri Guðmundssyni framkvæmdastjóra kaffihúsa Te & Kaffi og spurði hann hvernig afmælisbarninu liði á þessum tímamótum? „Okkur líður mjög vel, það er alltaf gaman að eiga stór afmæli,“ segir hann brosandi.

Og þið ætlið af þessu tilefni að bjóða öllum landsmönnum í almennilegan kaffibolla. Hvernig koma þessi hugmynd upp og er þetta kaffibolli af eigin vali? „Já, okkur langaði að gera eitthvað nýtt, ekki vera með 40 ára gömul verð eða eitthvað álíka heldur bjóða frekar öllum í afmæliskaffi.“

Íslendingar eru tæplega 400.000 þúsund, sjálfsagt ekki allir farnir að dreypa á kaffi, en þetta geta orðið ansi margir afmæliskaffibollar sem þið bjóðið upp á – hafið þið gert ykkur einhverja hugmynd hvað þetta gætu orðið margir kaffibollar? „Já, við ákváðum þess vegna að halda þessu opnu til 1. júní svo allir myndu ekki koma í einu. Vonandi koma sem flestir á þessu tímabili.“

Og hvernig fara svo afmælisgestir að, bara mæta á eitt af kaffihúsum ykkar og óska eftir kaffi eða hvernig bera gestir sig að? „Við erum með QR kóða í af-



Bæjarbúar geta sótt sér frían afmæliskaffibolla á Te & Kaffi á Garðatorgi



greiðslunni sem viðskiptavinir skanna inn og fá svo sendan afmæliskaffibolla í gegn um símanúmerið sitt, svo er það synt í afgreiðslu.“

Og þið eruð nú sjálfsagt líka að kynna kaffihúsin ykkar og kaffiframleiðsluna, en þið eruð með ykkar eigin kaffibrennslu? „Já, við erum með mjög öflugum kaffibrennslu í Hafnarfirði sem þar sem við ristum og þökkum kaffi alla daga.“

En hvernig er annars kaffimeningin á Íslandi í dag, finnst þér hún hafi breyst frá því að þú byrjaðir að starfa fyrir Te&Kaffi - eru landsmenn duglegir að gefa sér tíma fyrir góðan kaffibolla og jafnvel eitthvað með því? „Já, hún hefur breyst. Fólk gerir sífellt meiri kröfur á gæði og ferskleika og við leggjum okkur ávallt fram að bjóða viðskiptavinum okkar upp á besta mögulega kaffið hverju sinni, hvort sem fólk nýtur heima við eða á kaffihúsum okkar.“

Og vörurvalið er orðið mjög gott hjá ykkur, bæði hvað varðar kaffitegundir og bara meðlæti með bollanum almennt? „Við erum með mikið úrval af kaffi og te drykkjum á kaffihúsum okkar og erum spennt fyrir að kynna sumardrykkina okkar nú í maí. Eins erum við í góðu samstarfi við framleiðendur eins og Brikk, Nýja kökuhúsið, Gæðabakstur, Cibo Amore o.s.frv. svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“

Og þið fagnið þessum tímamótum enda 40 ár góður tími og hvetjið landsmenn að koma við hjá ykkur og þiggja kaffibolla í tilefni afmælisins? „Já, við vonumst að sjálfsgöðu til að sjá sem flesta.“

Og hvernig sérðu næstu áratug fyrir þér – hver verður þróunin? „Okkar stefna er að halda áfram að bjóða Íslendingum upp á hágæða kaffi hvort sem það er heima hjá sér, í vinnunni eða á kaffihúsum okkar,“ segir Halldór að lokum.

Garðakórinn og Vorboðar í Mosfellsbæ með sameiginlega vortónleika




Fimmtudaginn 16. maí kl. 17.00 halda tveir kórar eldri borgara, Garðakórinn úr Garðabæ undir stjórn Jóhanns Baldvinssonar og Vorboðar úr Mosfellsbæ undir stjórn Hrannar Helgadóttur, sameiginlega vortónleika í Vídalínskirkju í Garðabæ.

Mörg lög tengjast vorinu og sumrinu

Efnisskráin er mjög fjölbreytt en mörg lög tengjast vorinu og sumrinu. Kóramir syngja ýmist saman eða hvor fyrir sig og áheyrendur fá einnig að taka undir.

Enginn aðgangseyrir er á tónleikana og allir velkomnir.

Þess má geta að Garðakórinn mun syngja í Hörpuhorni í tónlistarhúsinu Hörpu 9. júní kl. 14.30. Þangað eru einnig allir velkomnir.



VORIÐ ER KOMIÐ!

ÞJÓNUSTUDAGUR TOYOTA

HREIN FJÖLSKYLDUSKEMMTUN
LAUGARDAGINN 11. MAÍ KL. 11-15

Sápuþvottur fyrir bílinn og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.
Leikhópurinn Lotta, DJ Dóra Júlía, Jón Jónsson og Friðrik Dór mæta í Kaupþúnið.



Hækkaðu í gleðinni með
K100 | FM 100.5



TOYOTA. Engin vandamál, bara lausnir.

Þessir þjónustuaðilar bjóða upp á hreina fjölskylduskemmtun og bílaþvott:

Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6, Garðabæ

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19, Reykjanesbæ

Toyota Selfossi
Fossnesi 14, Selfossi

Bílaverkstæði Austurlands
Miðási 2, Egilsstöðum

Vel heppnað Erasmus-verkefni í FG



Nemendahópar frá Noregi og Spáni voru staddir í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ vikuna 21. til 26. apríl síðastliðinn í nemendaheimsókn.

Um var að ræða ErasmusPlús-verkefni sem heitir "Cultural Heritage in Norway, Iceland and Spain (Galicia)" og er það styrkt af Erasmus Plús áætlun Evrópusambandsins. Fjallar verkefnið, eins og nafnið gefur til kynna, um sögulega arfleifð, menningu og fleira tengt þessum brems þjóðum.

Verkefnið hefur verið í gangi undanfarin misseri, en það er Rakel Linda Gunnarsdóttir, alþjóðafulltrúi FG, sem heldur utan um það, ásamt nokkrum af kennurum skólans.

Gistu gestimir á heimilum nemenda, mættu með þeim í skólann, unnu verkefni og voru með kynningar. En þar fyrir utan var mikil dagskrá alla dagana; ratleikur, söfn, „Gullni hringurinn“, hestbak og fleira. Sem og mikil félagsleg samskipti á milli þátttakenda allan tímann.



Svokallað „Pálinuboð“ var haldið í FG miðvikudaginn 24. apríl, en þá komu íslensku nemarnir með veitingar að heiman sem þeir



buðu gestunum upp á. Tókst það einkar vel og eftir matinn var karaoke-skemmtun þar sem íslensk, norsk og spænsk raddbönd voru þanin af miklum móð.

Sumardaginn fyrsta notaði hópurinn í dagsferð; Þingvelli, Gullfoss og Geysi og hestaferð síðdegis. Rakel Linda sagði í



stuttu spjalli við Garðapóstinn að ferðin hefði gengið einstaklega vel: „Við fengum rjómblíðu allan daginn og landið skartaði sínu fegursta fyrir gesti okkar. Þau voru öll himinlifandi með þetta,“ sagði hún.

Almennt spilaði Íslandi út öllum sínum veðurtrompum á meðan heimsókninni stóð og fóru bæði nemendur og kennarar sælir heim til sinna heimalanda eftir vel heppnaða heimsókn. „Nemendur FG eiga mikið hrós skilið fyrir frábæra frammistöðu í verkefninu og mikla gestrisni, það er ekki endilega einfalt mál að fá framandi gest inn á heimilið, en þetta tókst mjög vel og þau stóðu sig frábærlega,“ sagði Rakel Linda Gunnarsdóttir, alþjóðafulltrúi FG að lokum.

Bæjarmolar

Styrkir veittir fyrir 5,5 milljónir

Bæjarráð hefur samþykkt eftirfarandi tillögu um úthlutun styrkja:

Garðálfar - kór eldri borgara á Álftanesi kr. 450.000.-

Garðakórinn kr. 500.000.-

Kór Vídalínskirkju kr. 300.000.-

Bjarkarhlíð - miðstöð fyrir þolendur ofbeldis kr. 800.000.-

Samtök um kvennaathvarf kr. 800.000.-

Stigamót kr. 800.000.-

Örninn - minningar- og styrktarsjóður kr. 800.000.-

Aflið - samtök fyrir þolendur ofbeldis kr. 250.000.-

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins kr. 100.000.-

ADHD-samtökin kr. 300.000.-

Kvennaráðgjöfin kr. 250.000.-

Pálmar og Guðfinnur bjóða í lóð fyrir veitingahús við Breiðumýri á Álftanesi



Á fundi bæjarráðs sl. þriðjudag var lögð fram umsókn Pálmar Harðarsonar og Guðfinns S. Karlssonar í lóð við Breiðumýri 2, Álftanesi, en auglýst var eftir áhugasömum aðilum til að byggja og starfrækja veitingahús á lóðinni.

Mat mun lagt á umsóknina í samræmi við auglýsinguna, m.t.t. fjárhagslegs styrks umsækjanda, mati á hugmyndum um fyrirkomulag byggingarinnar og raunhæfi hugmynda um uppbyggingu, fjárfestingu og rekstur veitingastaðar.

D

LAUGARDAGSFUNDUR

Guðrún Hafsteinsdóttir

Laugardaginn 11. maí kl. 11:00 í Sjálfstæðisheimilinu, Garðatorgi 7. Ilmandi bakkelsi og heitt á könnunni.

Vorverkin í Garðabæ!

Eins og síðustu ár eru Garðbæingar hvattir til að taka þátt í vorverkunum með sameiginlegu átaki. Gerum Garðabæ að snyrtilegasta bæ landsins!

8. – 21. MAÍ
VORHREINSUN LÓÐA

Að þessu sinni mun Garðabær koma fyrir ríflega 30 gámum um bæinn til að taka á móti garðaúrgangi sem íbúar koma sjálfir í gámana. Fjöldi gáma endurspeglar þann mikla dugnað sem Garðbæingar hafa sýnt með vorhreinsun sinni undanfarin ár.



Tökum öll þátt í kosningum um betri Garðabæ!

Risarenibraut, innileikvöllur, fuglaskoðun, körfuboltaspjald og sjósundsstaða á meðal verkefna

20 hugmyndir hafa verið settar á rafrænan kjörseðil og nú geta Garðabæingar valið hvernig þeir vilja verja 100 milljónum króna í verkefninu Betri Garðabær. Nú kjósum við verkefni sem við viljum að verði framkvæmd í Betri Garðabæ!

Betri Garðabær er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri framkvæmda í nærumhverfi íbúa í Garðabæ, svokölluð lýðræðisveisla. Í desember hófst hugmyndasöfnun sem lauk í febrúar og kjósum við. Hugmyndirnar eru afar fjölbreyttar og verður spennandi að fylgjast með hverjar fá brautargengi.

Betri Garðabær byggir á hugmyndum um umræðu-lýðræði, þáttökulýðræði, þáttökufjárhagsáætlunargerð og að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku, umfram það sem gerist í hefðbundnu fulltrúalýðræði. Við hvetjum foreldra og forráðafólk til að virkja ungmenni til þátttöku í verkefni.

- Íbúar eldri en 15 ára (fædd 2009 og fyrr) geta tekið þátt.
- Garðabær er allur eitt svæði í hugmyndasöfnun og kosningu en leitast var við að dreifa verkefnum til um bæinn.
- Ekki þarf að ráðstafa öllu fjármagninu þegar kosið er.
- Gefðu uppáhalds hugmyndinni þinni hjarta og hún fær tvöfalt vægi.
- Verkefni verða framkvæmd frá sumri 2024 og fram á árið 2025.
- Myndir sem fylgja hugmyndum á kosningasíðu eru ekki dæmi um endanlega útfærslu á framkvæmd.
- Staðsetning hugmynda getur tekið breytingu.
- Aðstoð við að kjósa er hægt að fá í Þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7, og í Bókasafni Garðabæjar, á Garðatorgi 7 og í útibú bókasafnsins á Álftanesi.

Hugmyndirnar 20 sem verður kosið um eru eftirfarandi:



Lengsta renibraut í Garðabæ í Urriðaholti

Setja upp renibraut niður brekku við göngustíg í vesturhluta Urriðaholts.



Lagfæra stíga í Vífilstaðahrauni

Lagfæra göngustíg í Vífilstaðahrauni og setja upp brýr eða fljótandi stíga þar sem vatn á það til að fljóta yfir.



Bættur göngustígur frá Vífilstaðavatni upp að vörðunni Gunnhildi

Lagfæra göngustíginn með nýju yfirborðs efni og tröppum frá Vífilstaðavatni upp að vörðunni Gunnhildi.



Gervigras á fótboltavöllinn milli Hæðahverfis og Bæjargils

Setja gervigras á fótboltavöllinn á opnu svæði milli Hæða og Bæjargils.



Gervigras á fótboltavöllinn við Haustakur

Setja gervigras á fótboltavöllinn við Haustakur í Akrahverfi.



Innileikvöllur á Garðatorgi

Innileikvöllur í göngugötunni á Garðatorgi.



Fjölskylduútsvæði miðsvæðis í Garðabæ

Útsvæði fyrir fjölskyldur í Garðabæ. Gróður, leiksvæði, útigrill o.fl.



Betri leikvöllur við Lambhaga á Álftanesi

Endurnýja leikvöllinn við Lambhaga á Álftanesi.



Bætt aðstaða fyrir sjósundsíðkun í Helguvík

Bætt aðstaða fyrir sjósundsíðkun í Helguvík á Álftanesi. T.d bílastæði, sturtur o.fl.



Inni leiksvæði í Ásgarði

Setja upp innileiksvæði í opna rýminu í anddyri Ásgarðs.



Stytta af kettinum Sushi

Setja upp stytta/skjöld af kettinum Sushi við Ásgarð í Garðabæ



Þúttvöllur í Sjálandi

Setja upp þúttvöll á opnu svæði í Sjálandi.




Útsýnispallur yfir fuglana í fjörinni við Kasthúsatiörn

Reisa útsýnispall yfir grjótagarðinn við fjöruna við Kasthúsatiörn.



Skolaðstaða fyrir siglingaklúbbinn

Útbúa skolaðstöðu fyrir siglingaklúbbinn svo að hægt sé að skola búnað eftir siglingar.



Afgirt hundasvæði

Setja upp afgirt hundasvæði á hentugan stað í Garðabæ.



Slökunarrými fyrir börn með greiningar og erfiðleika

Setja upp aðstöðu til slökunar og næðis fyrir börn með greiningar í unglingsáætlunum í grunnskólum Garðabæjar.



Mínútu- og tempoklukkur fyrir sundlaugar í Garðabæ

Setja upp mínútu- og tempoklukkur í sundlaugar í Garðabæ.



Endurnýja trébrýr og breikka yfir læki í Garðabæ

Endurnýja 2-3 trébrýr og breikka yfir læki í Garðabæ.



Sturtur við útiklefan í Álftaneslaug

Setja upp útisturtur í Álftaneslaug við útiklefa sem eru nú þegar til staðar.



Körfuboltaspjöld við öldulaug í Álftaneslaug

Setja upp körfuboltaspjöld við öldulaugina í sundlauginni á Álftanesi.

Kjötkompaní

ALLT FYRIR

EURO VISION GRILLIÐ



DALSHRAUNI 13
220 Hafnarfirði

BÍLDSHÖFDA 18
110 Reykjavík

GRANDAGARÐI 29
101 Reykjavík

kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



kjotkompani

Kynntu verkefnið Raddir barna í Lundabóli á alþjóðlegri ráðstefnu kennara

Í apríl fengu tveir kennarar af leikskólanum Lundabóli, þær Árdís Grétarsdóttir og Maricris Castillo de Luna þann heiður að kynna verkefnið Raddir barna í Lundabóli eða Childrens Voice's, a democratic practices in kindergarten á OMEP sem er alþjóðleg ráðstefna kennara, rannsakennda og annarra sérfræðinga í málefnum ungra barna.



Árdís og Maricris kynntu verkefnið Raddir barna á Lundabóli á OMEP, alþjóðlegri ráðstefnu kennara, rannsakennda og annarra sérfræðinga í málefnum ungra barna

upplifi að þau hafi rödd og geti haft áhrif á skólastarfið. Börnin læra að hlusta á og virða sjónarmið annarra. Til að valdefla börn þurfa þau að þekkja rétt sinn og annarra og því leggjum við áherslu á að kynna fyrir þeim Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þau læra að öll börn eiga sama rétt óháð kyni, litarhætti, búsetu eða lífsskoðunum en einnig muninn því sem þau eiga rétt á annars vegar og forréttindum hins vegar," segir Árdís.

Hefur haft jákvæð áhrif á skólastarfið


Árdís segir að þessi vinna með börnunum hafi haft jákvæð áhrif á skólastarfið, börnin sýna umburðarlyndi, það er lítið um árekstra og almennt eru samskipti barna og kennara notaleg og ljúf. „Rannsóknir sýna að börn sem fá að



taka þátt í skólaþróun og mótun reglna í skólanum sínum eru líklegri til að fara eftir reglum og þykja vænna um skólann sinn og það erum við svo sannarlega að upplifa. Börnin hafa komið með margar skemmtilegar en einnig praktískar hugmyndir sem hafa orðið að veruleika og því upplifa þau á eigin skinni að það er hlustað á þeirra sjónarmið og virðing borin fyrir skoðunum þeirra. Þessi vinna hefur gefið



börnunum aukið sjálfstraust, þjálfað þau í að rökstyðja mál sitt, taka upp hanskann fyrir hvort annað og hjálpa okkur að gera Lundaból að skóla þar sem öllum líður vel. Með þessa vitneskju sendum við inn umsókn til OMEP um að fá að kynna þetta frábæra verkefni á alþjóðavettvangi kennara og það voru afar stoltar konur sem sögðu frá hugmyndaríkum, sjálfsöruggum, umhyggjusömum börnum í leikskólanum Lundabóli sem svo sannarlega hafa rödd sem fær að heyrast," segir Árdís.



SKRÁNING ER HAFIN Á GOLFLEIKJANÁMSKEIÐ GO

Í sumar verða 5 námskeið og öll námskeiðin eru fyrir hádegi frá 09:00 - 12:00.

Námskeiðin eru ætluð börnum frá 6 - 12 ára (fædd 2011 - 2017).

Dagsetningar:

- Námskeið: 10. - 14. júní (5 dagar)
- Námskeið: 18. - 21. júní (4 dagar)
- Námskeið: 1. júlí. - 5. júlí (5 dagar)
- Námskeið: 6. - 9. ágúst (4 dagar)
- Námskeið: 12. - 16. ágúst (5 dagar)

Verð:

- 5 daga námskeið er 17.000 kr.
- 4 daga námskeið er 13.600 kr.



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ODDUR.IS

Bæjarmolar

Orkusalan bauð lægst

Á fundi bæjarráðs var farið yfir örútbóð á raforku, en 5 tilboð bárust í raforkusölu til þriggja ára, tímabilið 1. júní 2024 til 31. maí 2027, með heimild að framlengja til allt að eins árs, og til mest fjögurra ára samtals (tilboð krónur með vsk pr kWh):

- 1. Orkusalan ehf.**
Almenn notkun 9,47 kr.
Götulýsing 9,47 kr.
- 2. N1 Rafmagn ehf.**
Almenn notkun 10,13 kr.
Götulýsing 10,13 kr.
- 3. Orka náttúrunnar**
Almenn notkun 10,24 kr.
Götulýsing 10,29 kr.
- 4. HS Orka**
Almenn notkun 10,65 kr.
Götulýsing 9,96 kr.
- 5. Straumlind**
Almenn notkun 9,52 kr.
Götulýsing 9,89 kr.

Bæjarráð samþykkti að taka tilboði lægstþjóðanda, Orkusölu ehf

LITLIR POTTAR

Bæði ragmagns- og hitaveitupottar



 X2 R: 300 lítrar
B: 115 cm
H: 75 cm
L: 205 cm
Verð 640.000

CUTE SPA



ARCTIC ELLESMERE

 X3 R: 800 lítrar H: 99 cm
B: 218 cm L: 157 cm



OTTER

 X2 R: 550 lítrar H: 75 cm
B: 117 cm L: 218 cm
Verð 1.230.000



TIMBERWOLF

 X3 R: 880 lítrar H: 98 cm
B: 174 cm L: 217 cm
Verð 1.770.000




ARCTIC FOX

 X4 R: 900 lítrar H: 100 cm
B: 174 cm L: 217 cm
Fæst í 5 litum á skel



ARCTIC HUSKY

 X5 R: 1000 lítrar H: 99 cm
B: 213 cm L: 186 cm
Verð 1.380.000



CAPRI

 X4 R: 1000 lítrar H: 82 cm
B: 180 cm L: 210 cm
Verð 1.130.000



TOFINO

 X3 R: 500 lítrar H: 81 cm
B: 150 cm L: 200 cm
Verð 820.000

Opið til kl. 18 í dag



ALÞINGI SAUNA

Stærð:
Breidd 220 cm
Dýpt 165 cm
(200 með verönd)
Hæð 235 cm
Þyngd 1200 kg

- Einangraður
- 8 mm öryggisgler
- Flísalagður
- Led lýsing
- Góð hurð

Verð 1.570.000 m/vsk



ELEGANCE SHORT

Verð 810.000 m/vsk

- 4 manna
- Thermowood
- Lengd: 165 cm
- Breidd: 231 cm
- Hæð 240 cm
- Þyngd: 600 kg.


HEITIRPOTTAR.IS

FOSSHÁLS 13 • VERSLUN 777 2000 • VIÐGERÐIR 777 2001
FYRIRSPURNIR 777 2002 • HEITIRPOTTAR@HEITIRPOTTAR.IS



Feðgarnir Kristján og Ari

Staðsetningar gáma fyrir Vorhreinsun lóða




Dagana 8.–21. maí 2024



GARÐABÆR

1. Grenndarstöð Norðurnesvegur
2. Opið svæði við Suðurnesveg
3. Malarplan Breiðumýri
4. Bílastæði Bjarnastaðir
5. Grenndarstöð Suðurnesvegur
6. Á horni Nausta- Boðahleinar
7. Malarsvæði Gálgahraunsvegur
8. Malarplan við Arnarnesveg
9. Botnlangi Hlíðarás
10. Áhaldahús lóð Lyngás 18
11. Grenndarstöð Sjáland
12. Botnlangi Mávanes
13. Botnlangi Haukanes
14. Malarplan við Arnarnesveg
15. Botnlangi Silfurtún/Aratún
16. Malbikað svæði við Bæjarbraut 7
17. Bílastæði við grenndargáma Ásgarði

18. Botnlangi Stekkjarflöt
19. Botnlangi Sandakur
20. Opið svæði við Krókamýri/Ljósamýri
21. Bílastæði Garðatorg/Kirkjulundur
22. Graseyja á milli Móaflatar 12 og 16
23. Botnlangi Sandakri
24. Grenndarstöð Skólabraut
25. Botnlangi Hlíðarbyggð
26. Gamla nunnuklaustur, Holtsbúð 87
27. Bílastæði við leikskólann Lundaból
28. Botnlangi Markarflöt
29. Bílastæði Háhæð
30. Opið svæði við Hæðarbraut/Aftanhæð
31. Malarsvæði Vetrarbraut/Háholt
32. Malarsvæði við Holtsveg 12
33. Malarsvæði við Vinastræti



Smekktfullt og tryllt stuð á opnunarkvöldi Sjálands

Það var það smekktfullt og tryllt stuð þegar Ari Eldjárn, Snjólaug og Birna Rún komu fram á fram á uppstandssýningu í veislusal Sjálands í Garðabæ, en þessi rómaði veislu- og viðburðarstaður opnaði dyr sínar að nýju sl. fimmtudag.

Það tók hressilega í hláturtaugar gesta enda skemmtun þeirra þremninga einstök og þrælfyndin og þá voru veitingarnar ekki af verri endanum, en það er Múlakaffi sem hefur tekið að sér rekstur á Sjálandi og er því allt sem tengist mat og drykk í þeirra traustu höndum. „Viðburðurinn í síðustu viku er einn af mörgum viðburðum og uppákomum á Sjálandi á næstunni, en markmiðið er að fyrstu tvo fimmtudagana í hverjum mánuði verði eitthvað um að vera. Dagskráin verður fjölbreytt og vonandi mun hún höfða til sem flestra,”

segir Lovísa Anna Pálmadóttir framkvæmdastjóri KVARTZ, en allt sem snýr að viðburðarhaldinu sjálfu og þeim uppákomum sem verða á Sjálandi verður í umsjá KVARTZ markaðs- og viðburðarstofu.

Næsti viðburður á Sjálandi verður á Mæðradaginn, þann 12. maí næstkomandi.

Næsti viðburður er svo á Mæðradaginn. „Við erum búnað að fá frábært fólk með okkur í lið, en Lucas sem stofnaði Cococo's Nest ætlar að sjá um matarupplifun þetta hádegið með brunch. Eva Ruza hefur tekið að sér að halda utan um viðburðinn og fjöldi fyrirtækja koma að deginum, t.d. allar konur sem mæta Goody Bags eins munum við selja happdrættismiða til styrktar Líf. Markmiðið deginum er að sjálfsgöðu að safna til styrktar Lífs en okkur finnst það einstaklega táknrænt á þessum degi, Mæðradeginum sjálfum,” segir Lovísa.



Það var fullt út úr dyrum og mikil stemmning þegar Sjáland opnaði dyr sínar að nýja sl. fimmtudag



eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR
FYRIRTEKI 2023
Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndaryrirtæki
í rekstri
Váðgæðun 5 keldun

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



Þrjár nýir stjórnendur í leikskólum Garðabæjar

Garðabær hefur ráðið þrjá öfluga stjórnendur til starfa í leikskólunum Kirkjubóli, Bæjarbóli og á Ökrum.

Guðrún Valgerður Ásgeirsdóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri leikskólans Akra. Guðrún er með B.ed. gráðu í kennslufræði og M.S. gráðu í íþróttifræði og Diplomanám í menntun án aðgreiningar. Guðrún hefur mikla reynslu af kennslu á öllum skólastigum og yfirgrípsmikla þekkingu á sviði menntunar.

Ragnheiður A. Haraldsdóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri í Kirkjuból. Ragnheiður útskrifaðist úr Fósturskóla Íslands árið 1987 og síðar með diploma frá Háskólanum á Akureyri í stjórnun á menntasviði árið 2008. Ragnheiður hefur langa reynslu af stjórnun

Guðjónsdóttur. Harpa útskrifaðist úr leikskólakennarafræðum frá Háskóla Íslands árið 2010. Harpa hefur 32 starfsreynslu úr leikskóla þar af tæp 6 ár sem aðstoðarleikskólastjóri. Hún var áður starfandi í heilsuleikskólanum Árbæ á Selfossi.

Í leikskólum Garðabæjar er áhersla lögð á hugmyndaauðgi og nýsköpun í skólastarfi, að efla og styðja við þroska barna og gefa þeim tækifæri til að blómstra. Starfsumhverfið er uppbyggilegt og vandað en Garðabær hefur innleitt ýmsar leiðir til að stuðla að faglegu starfi og hlúa vel að starfsfólki leikskólanna. Þar starfar samhentur hópur ólíkra einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn. Starfið fer allt fram í öflugri og lífligri teymisvinnu. Garðabær kappkostar að skapa vinnustað þar sem allar hugmyndir fá að njóta sín og



Guðrún Valgerður Ásgeirsdóttir



Ragnheiður A. Haraldsdóttir




Harpa Dan Þorgeirsdóttir

leikskóla bæði sem aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri, en hún hefur að auki verið starfandi sem leikskólastjóri á Kirkjubóli síðastliðið ár.

Harpa Dan Þorgeirsdóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri á Bæjarbóli í stjórnendateymi með Auði Ösp

starfsfólk getur haft raunveruleg áhrif. Þannig gefur Garðabær fólkinu tækifæri til að nýta krafta sína til að vaxa í starfi, hvar sem styrkleikarnir liggja.

Á www.starfabaer.is getur þú kynnt þér laus störf í leikskólum Garðabæjar og þau fjölbreyttu kjör sem starfsfólki leikskóla bjóðast.



Klaustrið í Garðabæ

Garðabær óskar eftir upplýsingum frá hæfum aðilum sem hafa áhuga á að taka þátt í samstarfsverkefni um kaup eða leigu, endurbætur, viðhald og rekstur á húsnæði Garðabæjar við Holtsbúð 87 í Garðabæ.

Húsnæðið er betur þekkt undir heitinu *Klaustrið* og var áður í eigu Sankti Jósefssystra. Í kaupsamningi Garðabæjar og systranna er kvöð, sem gildir til ársins 2028, um að húsnæðið verði nýtt fyrir starfsemi í þágu aldraðra eða annarrar sambærilegrar starfsemi á sviði mannúðar, heilbrigðismála, barna eða unglunga. Húsnæðið hefur verið í takmarkaðri notkun undanfarið og þarfnast skv. fyrirbyggjandi ástandsmati töluverðs viðhalds og endurnýjunar.

Leitað er að aðilum sem t.d. væru tilbúnir til að:

- Kaupa eða leigja húsnæðið að hluta eða í heild til að reka þar starfsemi sem rúmast innan ramma þeirra kvaða sem á því hvíla.
- Sjá um viðhald og endurbætur húsnæðisins m.t.t. þeirrar starfsemi.

Garðabær hefur mikinn áhuga á að húsnæðið gangi í endurnýjun lífdaga hvað varðar endurbætur og gott viðhald og að það sé gætt nýju lífi með öflugri starfsemi sem tekur tillit til umhverfisins og íbúa í nágrenninu.

Eingöngu er hér um markaðskönnun (RFI) að ræða, til að afla upplýsinga um hugmyndir áhugasamra aðila á markaði um nýtingu húsnæðisins og hvernig þær falla að þörfum Garðabæjar. Ekki er tryggt að markaðskönnun þessi leiði til útboðs og að taka eða taka ekki þátt í henni er ekki forsenda fyrir þátttöku í hugsanlegu síðara innkaupaferli / útboði.

Nánari upplýsingar um markaðskönnunina eru aðgengilegar á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar á vefslóðinni <https://vso.ajoursystem.net/> frá og með **miðvikudeginum 24. apríl 2024**. Svörum skal skila með rafrænum hætti á framangreindan útboðsvef eigi síðar en **þriðjudaginn 14. maí 2024, kl. 14:00**.

Spenna og eftirvænting í loftinu á kynningardegi GKG

Nýir og eldri félagsmenn voru boðnir velkomnir á góðan og vel heppnaðan kynningarfund GKG sl. fimmtudag þar sem starfsemi GKG var kynnt og hvað væri framundan hjá félaginu í sumar. Það mátti finna töluverði spennu og eftirvæntingu í loftinu fyrir komandi golfsumri, en eins og kemur fram annars staðar í blaðinu í dag að þá opnaði Mýrin í gær og Leirdalurinn verður opnaður á laugardaginn.

Stöðvakynningar voru víðsvegar um húsið frá kl. 18-21 þar sem margt skemmtilegt var á boðstólum m.a. var boðið upp á myndasýningu sem fangar 30 ára sögu GKG, en félagið varð 30 ára 24. mars sl.

Þá var golfverslun GKG opin og ýmis tilboð á boðstólum, farið var yfir stöðuna á völlum og framkvæmdir s.l. vetur, öldunga-, og mótanefndin kyntu sína dagskrá og Mulligan kynnti flottan sumarmatseðil og bauð upp á léttar veitingar ásamt tilboðum.

Á neðri hæðinni var barna-, unglinga- og afreksstarfið kynnt í Ryder/Solheim salnum og þar var hægt að spreya sig á þrautum, púttþrautir voru fyrir eldri sem yngri, PGA kennarar gáfu góð ráð og kynntu kennslu og námskeið sem verða í boði, ÍSAM kynnti nýjustu kylfurnar frá Titleist og þá var boðið upp á léttu keppni hver væri næstur holi á 11. braut á Leirdalsvelli í Trackman.





GEFÐU GJÖF SEM ENDIST

ROD VS1	ROD VS2	ROD VS3	ROD VS4	ROD VS6	ROD VS7	ROD VS10	ROD VS11	ROD VS12	ROD XXL		ROD VS5		ROD VS8		ROD VS9																																																																																				

HVER ER ÞÍN UPPÁHALDS KRULLA?
Þú getur töfrað fram krullur, líði og bylgjur í öllum stærðum og gerðum með jærnunum frá HH Simonsen

ÞAD ER FIMM ÁRA ÁBYRGÐ Á RAFTÆKJUNUM FRÁ HH SIMONSEN SEM ERU KEYPT Á EINUM AF VIÐURKENNDU SÖLUSTÖÐUM HH SIMONSEN Á ÍSLANDI. ÞÚ FINNUR LISTA YFIR VIÐURKENNDA SÖLUSTADI Á BPRO.IS



Ertu upprennandi hallarsmiður eða ungur útilífsunnandi?

Sumarnámskeið hjá Útilífsskóla Vífils fyrir hressa 7-12 ára krakka

Hvort sem þú ert upprennandi hallarsmiður eða ungur útilífsunnandi, þá er í það minnsta óhætt að fullyrða að sumarið í Garðabæ sé ein stór barnahátíð! Skátafélagið Vífill er öflugt skátastarfi yfir sumartíma jafnt sem vetrartíma. Í júní, júlí og ágúst verða sumarnámskeið hjá Útilífsskóla Vífils fyrir hressa 7-12 ára krakka.



Á ævintýranámskeiðunum er farið í ýmsar ferðir. Meðal annars í hellaferðir, veiðiferðir, fjöruferðir, fjallgöngur, hjólaferðir og margt fleira. Börnin kynnast náttúrunni og læra að vera viðbúin þeim áhættuþáttum sem finnast í nútímapjóðfélagi ásamt því að fara í þroskandi og uppbyggilega leiki.

Á smíðanámskeiðunum er fá börn að byggja leikkofa eða garðhús auk þess sem námskeiðið er brotið upp með leikjum, hjólaferð í sund o.fl. Við lok námskeiðsins

geta börnin tekið kofana með heim ef þau vilja. Smíðavellirnir hafa vera sérstaklega vinsælir undanfarin ár og aðsóknin oft verið meiri en hámarksfjöldi býður upp á. Til að tryggja pláss á námskeiði er því best að skrá smíði framtíðarinnar sem fyrst.

Skráning á námskeiðin fer fram hér <https://www.abler.io/shop/vifill>

STJÖRNUHLAUP VHE

KOMDU OG HLAUPTU MEÐ
OKKUR 18. MAÍ

NÁTTÚRUHLAUP FYRIR ALLA

SKRÁNING Á
WWW.HLAUP.IS

11 KM
22 KM



VHE

POWER
ADE




Hormónahreysti okkar skiptir sköpum fyrir líðan

Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti leiðbeinir konum sem finna fyrir margvíslegum einkennum breytingaskeiðsins.

Breytingaskeiðið er ferli í lífi kvenna sem hefst þegar jafnvægi hormóna breytast, það dregur úr framleiðslu á estrógeni og prógesteróni sem á endanum stoppar. Þegar konur hafa ekki haft blæðingar í 12 mánuði verða tíðahvörf. Allar konur ganga í gegnum breytingaskeiðið og það er eðlilegt að finna fyrir viðbrögðum þegar hormónar breytast. Einkenni byrja fyrir tíðahvörf og þau helstu eru hita- og svitakóf bæði á daginn og á nóttunni, svefntrufflanir, líkamleg og andleg þreyta, orkuleysi, umframþyngd aðallega á maga og miðjuna, þurrkur í slímhúð og kyndeyfð. Margar konur upplifa gjarnan skort á aðgengilegum upplýsingum um hormónabreytingar og einkennin sem þær finna fyrir ekki tekin alvarlega.


Estrógen og Prógesterón getur aðstoðað!

Stór partur af einkennum á breytingaraldurinum er vegna vöntunar á estrógeni sem ekki er furða þar sem hver einasta



Femmenessence er sérstaklega hannað fyrir konur fyrir og eftir tíðahvörf

fruma í líkamanum er með móttaka fyrir þessu hormóni. Estrógen virkar á heila, hjarta, lifur, húð, slímhúð, bein og vöðva. Estrógen hefur svo sem áhrif á hitabreytingar, insúlín næmi, minni, fókus, gleði, líkamlega og andlega orku, kynlíflöngun og ónæmiskerfið. Önnur hormón breytast samhliða skorti á estrógeni en prógesterón minnkar að sama skapi sem og streitu hormónið kortísól og orku hormónið insúlín sem stjórnar m.a. orkuefnaskiptum, fituforða og fitubrenslu. Estrógen og prógesterón uppbót getur hjálpað konum



Revolution Macalibrium fyrir heilbrigði karla

verulega með vanlíðan og hitakóf, bætt heilsuna almennt sem og fyrirbyggt ýmsa kvilla. Breytingar á lífsstíl og venjum geta einnig skipt sköpum með eða án hormóna uppbótar, svo sem regluleg hreyfing, vöðvastyrking, streitu stjórnun og markviss bætiefni.

Bætiefni virka misjafnlega og ein tegund hentar ekki öllum

Fyrir utan ráðleggingar um mataræði og lífsstíl eru ýmiss konar bætiefni sem geta hjálpað með margvísleg einkenni. Það eru



Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti leiðbeinir konum sem finna fyrir margvíslegum einkennum breytingaskeiðsins

mörg bætiefni á markaðnum, og ekki öll gera það sem þau lofa en ég mæli alltaf með bætiefnum sem studd eru af klínískum rannsóknum, eru af góðum gæðum og upptaka á virku efnunum séu góð. Ég geri mér grein fyrir, að þó svo að öll skilyrði eru uppfyllt, virka bætiefni misjafnlega og ekki ein tegund hentar öllum. Bætiefni á markaðnum fyrir konur á breytingaskeiðinu og sem ætluð eru til að bæta líðan geta af góðum og gildum ástæðum ekki verið bara eitt efni. Einkennin eru oft mörg og eiga rót sína í mismunandi kerfi í líkamanum. Ekki þar með sagt, að það sé nauðsynlegt að taka inn 10 mismunandi, t.d. eitt fyrir orku, annað fyrir fitubrenslu og þriðja fyrir hitakóf. Það eru til virk náttúruleg efni sem tikka inn í mörg einkennisbox.

Maca fyrir konur og karla á breytingaskeiðinu

Maca jurtin er bætiefni sem ég get mælt með en maca er ekki bara maca, heldur eru til margar tegundir sem hafa mismunandi virkni í líkamanum. Þannig er ein tegund sem virkar t.d. á orku og önnur sem virkar á hitakóf og þurra slímhúð. Maca virkar ekki bara fyrir konur, heldur líka fyrir frjósemi og orku karla. Fyrir utan maca eru m.a. ginseng, ashwagandha, rhodiola, licorice og schisandra aðlögunarjurtir. Rannsóknir á þeim og á maca hafa aðallega verið hnitmiðaðar á viðbrögðum á nýmahettunum. Hins vegar hefur ekki verið skilgreint, fyrr en nýlega hvernig þær virka m.a. á hormóna heilsu og jafnvægi, beinhreysti, hjarta, æðar og kynlíf.

Revolution Macalibrium fyrir heilbrigði karla

Þegar kemur að heilbrigði karla, kynni red maca týpan geta haft áhrif á, og minnkað of stóran blóðruháskirtil en aðrar tegundir af maca gera það ekki. Red maca hefur einnig sýnt sig geta bætt skap og stemningu á meðan black maca er talin virka best á orku og jafnvægi á blóðsykri. Aðrar rannsóknir sýna, að black maca geti bætt hreyfingu og fjölda sæðisfruma en gult og rautt maca geri það ekki. Testósteróngildi karla lækka með aldrinum og hjá sumum getur það haft viðtæk áhrif á líkamstarfsemi, helstu einkenni eru þreyta og þróttleysi, minni vöðvastyrkur, minni kynlöngun og erfðleikar við stíningu svo dæmi séu tekin. Revolution Macalibrium inniheldur blöndu af mismunandi týpum af maca og er sérstaklega hönnuð fyrir karlmenn. Formúlan hefur það að markmiði að hafa góð áhrif m.a. á kynferðislega virkni og frjósemi en ég mæli sérstaklega með þessu bætiefni fyrir karlmenn, formúlan er örugg leið til að bæta orku og hormóna hreysti karla.

Femmenessence er sérstaklega hannað fyrir konur fyrir og eftir tíðahvörf

Bætiefnin frá Symphony eru samsett með ákveðnum maca tegundum. Niðurstöður klínískra rannsókna sýna að þessi ákveðna samsetning samsetning virki markvisst á hormóna jafnvægi kvenna fyrir og eftir tíðahvörf. Femmenessence Maca Life er samsetning af sérstökum maca týpum og er sérstaklega hannað fyrir konur fyrir tíðahvörf. Blandan hefur það að markmiði að virka á einkenni sem tengjast hormónabreytingum og breytilegri framleiðslu á hormónum á þessu skeiði lífsins. Femmenessence Maca Pause er síðan sérstaklega hannað til að bæta hormóna framleiðslu kvenna eftir tíðahvörf. Þessi öflug samsetning hefur það að markmiði að auka estrógen og prógesterón sem hefur þær afleiðingar að minnka m.a. orkuleysi og vanlíðan. Vörulína Symphony, Femmenessence Maca Pause og Maca Life ásamt Revolution Macalibrium, er með lífræna vottun í USA, Evrópu og Japan, er ekki erfðabreytt (non-GMO) og er með Fair Trade vottun eða sanngirnissvottun.

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR
MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



**EFNALAUG
GARÐABÆJAR**

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680

Tíkallarnir hófu golfsumarið hjá GKG



Mýrin var opnuð í gærmorgun og fyrstir á teig voru Tíkallarnir, en Leirdalurinn verður opnaður á laugardaginn. F.v. Ingólfur, Jónatan, Jóhannes og Örn

Golfsumarið er hafið en GKG opnaði Mýrina í gær og á laugardaginn verður Leirdalurinn opnaður. „Vellirnir okkar koma vel undan vetri í ár og framundan er skemmtilegt golfsumar,” segir Úlfar Jónsson, golfkennari og þjónustustjóri GKG, en það voru Tíkallarnir, sem hófu fyrstir leik á Mýrinni í gærmorgun kl. 09. Tíkallarnir eru 16-18 manna hópur sem leika golf flesta daga ársins.

Úlfar bendir á að þótt það sé búið að opna vellina þá séu þeir viðkvæmir og verða golfbílur ekki leyfðir fyrr en vallarstjóri gefur grænt ljós. Félagsmenn eru hvattir til að

ganga vel um vellina og t.d. að gera við öll boltaföer sem þeir sjá auk þess að þeir sýni gott fordæmi og tíni upp allt rusl sem þeir sjá og setji í rusladalla.

Annað brot er vika í frávísun frá völlum GKG

Reikna má með að það verði mikið að gera á völlum í sumar og vellirnir mikið bókaðir. Í því ljósi verður öflugt eftirlit með því að kyflingar mæti á skráða rástíma, það er dapurt að sjá laus pláss í hollum sem eru fullbókuð og því verður tekið hart á þessu. Við fyrst brot er áminning, en við annað

ÚTILÍFSSKÓLI

VÍFILS

2024

Fyrir hressa krakka 7-12 ára


Ævintýranámskeið

Smíðanámskeið

Skannið hér fyrir
upplýsingar!



vifill.is/sumar



Fjölbreyttir sýningarmunir á vorsýningu í Jónshúsi

Félag eldri borgara í Garðabæ og á Álftanesi héldu sína árlegu vorsýningu í Jónshúsi dagana 2.-4. maí, en á sýningunni var sýndur afkastur vetrarins í félagsstarfinu og eru sýningarmunir afar fjölbreyttir.

Meðal þess sem er að sjá mátti á sýningunni voru málverk, bútasamur og önnur handavinna, bókband, glerlist, trésmíðamunir, útskurður og ullarþæfing.


Það var mikið af mjög fallegum og vönduðum listmunum á sýningunni og greinilegt að það leynast margir góðir listamenn innan raða Félags eldri borgara í Garðabæ og á Álftanesi

Það var Harpa Rós Gísladóttir, formaður Öldungaráðs Garðabæjar, sem opnaði sýninguna og flutti ávarp. Þá flutti Elín Þ. Þorsteinsdóttir, umsjónarmaður félagsstarfsins ávarp og Garðakórinn, kór eldri borgara í Garðabæ, söng nokkur lög undir



stjórn Jóhanns Baldvins. Á föstudeginum var boðið upp á skemmtilegt atrið en þá sýndu nokkrir heldri borgarar léttar Zumba gull dans sveiflur.

stjórn Jóhanns Baldvins. Á föstudeginum var boðið upp á skemmtilegt atrið en þá sýndu nokkrir heldri borgarar léttar Zumba gull dans sveiflur.





Summer
POP UP

 LAUGARDAGINN 11. MAÍ.
 FRÁ KL. 11 - 16.
 Garðatorgi 5



Flugeldasýningarnar þróuðust yfir í blómabeð hjá Siggu Soffíu

Sigga Soffía Nielsdóttir hefur komið sér fyrir í Hönnunarsafni Íslands með verkefnið Eldblóm – hvernig dans varða að vöruhönnun. Gestir geta þrætt sig í gegnum skapandi ferli Siggu Soffíu sem er lærdur dansari og danshöfundur sem fer svo að hanna flugeldasýningar hér heima og erlendis. Flugeldasýningarnar þróast svo yfir í blómabeð sem líta sömu lögmálum og flugeldasýningar. Blómabeðin þróast í vöruhönnun á þremur vörum: Ræktaður þína eigin flugelda (kassi), ilmvatn og vín. Þegar Sigga Soffía fór að kynna vörurnar varð til viðburður eða upplifunarahönnun sem endar auðvitað í dansi svo við erum komin í heilan hring.

Mikið stuð var á opnuninni 23. apríl sem markaði upphaf HönnunarMars 2024. Sýningin stendur til 17. júní.



Um sýninguna:

Hugmyndir kvikna og taka flugið, springa út í allar áttir og falla í mismunandi jarðveg.

Safnið á röngunni er hugsað sem rými til tilrauna, rannsókna og samtals. Hér gefst tækifæri til að líta yfir farinn veg, skoða hugmyndir sem hafa orðið að veruleika, þær sem enn bíða og tækifærin fram undan. Sigga Soffía Nielsdóttir útskrifaðist sem



listdansari frá samtímadansbraut Listháskóla Íslands árið 2009 og stundaði einnig nám í sirkuslistum við École Supérieure des Arts du Cirque à Brussel. Árið 2021 útskrifaðist hún með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Hún hefur starfað viðsvegar sem dansari og danshöfundur en er einnig þekkt fyrir flugeldasýningahönnun og blómalistaverk.

Japanska orðið yfir flugelda er hanabi en hana þýðir eldur og bi þýðir blóm. Japanir tala því um eldblóm. Síðastliðin ár hefur Sigga Soffía unnið með þessi hugrenningatengsl í lofti og á láði og hannað flugeldasýningar út frá kóreógrafíu. Þá hefur hún hannað ræktanlega flugeldasýningu blóma, nánar tiltekið blómainssetningu sem springur



út eftir sáningsforskrift. Nýjasta viðbótin við Eldblómaverkefnið er ilmur, drykkjarkjöng og matvörur auk fjölbreyttrar vöru- og upplifunarahönnunar. Þannig svifur Sigga Soffía á milli listforma og hönnunargreina ásamt samstarfsfólki úr ýmsum geirum.

Ljósmyndir: Studio Fræ



Grænn markaður og heimabakað góðgæti Kvenfélags Álftaness

Kvenfélag Álftaness var stofnað árið 1926 á þeim tíma sem mikill skortur var á ýmsum þeim varningi sem okkur telst sjálfsagt í dag, t.m. kaffi og smjörliki. Konur deildu með sér slíkum gersum til þeirra heimila sem ekkert áttu, einnig hefur Kvenfélagið alla tíð staðið með samfélaginu, styrkt allt skólastarf og Líknarsjóð Álftanes allan þennan tíma og gerir enn í dag.

Í byrjun voru notaðar fjárfundarleiðir basarar, ræktun og sala á kartöflum, hlutaveltur og bögglaupþöð ásamt því að sjá um ýmsa fræðslu eins og húsmæðrafræðslu og dönskukennslu í hreppnum.

Þetta voru sterkar konur sem lyftu björgum fyrir samfélag sitt og er það mikill heiður að fá að taka þátt í slíku starfi.

Í dag förum við aðeins aðrar leiðir og erum hættar í kartöfluræktinni.

Við höldum opið konukvöld í haust sem kom mjög vel út og verður haldið áfram, tökum þátt í hreinsunaráttakinu í samfélagi okkar, höldum hina ýmsu fræðslufundi,



sjáum um Þorablótið ásamt Lions, eigum fjallkonu Garðabæjar annað hvert ár, stofnuðu sjúksundsfélagið Ránardætur og höldum okkar árlega Græna Markað sem er skemmtilegur flóamarkaður þar sem Kvenfélag Álftaness vinnur með vitundarvakningu á sóun og endurnýtingu sem er tengt einu heimsmarkmiðinu (nr.12 um Ábyrga neyslu og framleiðslu).

Grænn markaður 9.-12. maí

Í ár höldum við Græna Markaðinn frá fimmtudeginum 9. maí - 12. maí nk. í Álftaneskaffi og viljum bjóða alla velkomna til okkar. Það verður kaffisala dagana 10., 11 og 12. maí með heimabökuðu góðgæti. Þarna verða ýmsir gullmolar í boði, merkjafatnaður, skór og húsbúnaður og margt fleira.

Það er upplagt að leggja leið sína á Álftanes og heimsækja Forsetabikarinn í Þróttahúsinu og Græna Markaðinn í Álftaneskaffi.

Með kveðju og þökk, Sigríður Sif, formaður kvenfélags Álftaness

Tóku léttu fimmu þegar skrifað var undir!

Garðabær og Gróska endurnýja samstarfssamning

Garðabær og Gróska í Garðabæ hafa endurnýjað samstarfssamning sinn til ársins 2026, en Gróska eru samtök myndlistamanna og áhugamanna um myndlist í Garðabæ. Þeir Almar Guðmundsson, bæjarstjóri og Birgir Rafn Friðriksson, formaður Grósku undirrituðu samninginn í Gróskusalnum við dillandi tónlistarnið úr Jazzþorpinu í Garðabæ og fengu sér svo rjómáþönnukökur til að halda upp á undirritunina.



Almar og Birgir Rafn voru léttir á því eftir að skrifað var undir samninginn og tóku léttu fimmu áður en þeir réðust í þönnukökurnar sem voru í boði

Sýning Álfheiðar Ólafsdóttur, Traustur vinur, hefst 10. maí á Bókasafni Garðabæjar. Fram undan eru fjölmargar sýningar á vegum Grósku.



Með samningnum er Grósku falið að halda sína rómuðu Jónsmessugleði í Garðabæ, halda sýningar í Gróskusalnum og á Bókasafni Garðabæjar og fá samtökin til þess rekstrarstyrk til ársins 2026. Þá hafa þau einnig umsjón og aðgang að Gróskusalnum sem Garðabær rekur.

Nú er frábærri sumarsýningu Grósku, Vorið er komið og grundirnar gróa, nýlokið og Jónsmessuhátíðarinnar er beðið með mikilli eftirvæntingu í júní.



KJÖRSKRÁ GARÐABÆJAR

Kjörskrá vegna kosninga til embættis forseta Íslands sem fram eiga að fara laugardaginn 1. júní 2024 mun liggja frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Garðabæjar í Ráðhúsinu við Garðatorg 7, frá og með föstudeginum 10. maí 2024 til kjördags.

Á kjörskrá Garðabæjar eru allir íslenskir ríkisborgarar sem náð hafa 18 ára aldri þegar kosning fer fram og voru með lögheimili hér á landi 24. apríl 2024.

Íslenskir ríkisborgarar, sem náð hafa 18 ára aldri og hafa átt lögheimili hér á landi, eiga kosningarrétt í sextán ár í því sveitarfélagi sem þeir fluttu lögheimili frá.

Íslenskir ríkisborgarar sem náð hafa 18 ára aldri sem fluttu lögheimili sitt fyrir meira en 16 árum geta átt kosningarrétt hafi þeir sótt um það til Þjóðskrár Íslands fyrir 1. desember 2023.

Erlendir ríkisborgarar eiga ekki kosningarrétt og eru því ekki á kjörskrá.

Á vefsíðu Þjóðskrár Íslands, skra.is, er hægt að nálgast nánari upplýsingar um hvort aðilar eru á kjörskrá eða ekki. Leiðbeiningar og upplýsingar um kosningarnar er einnig að finna á vefsíðunni kosning.is.

Athugasemdum við kjörskrá skal beint til Þjóðskrár Íslands sem tekur þær þegar til meðferðar og gerir viðeigandi leiðréttingar ef við á. Slíkar leiðréttingar má gera fram á kjördag.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Vefmiðill Garðapóstsins kjp.is

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

Litadýrð og gleði á Jazzþorpinu

Marglita pappírskúlur í hundrða tali, gömul húsgögn og forvitnilegir smáhlutir, góður matur og drykkir að ógleymdri fjölbreyttri jazztónlist í flutningi stórkostlegra listamanna einkennði Jazzþorpið í Garðabæ sem haldið var í annað sinn um síðustu helgi. Gestir á öllum aldri og hvaða-anaeva af á höfuðborgarsvæðinu nutu þess sem í boði var í þorpinu.

Alls 9 tónleikar fóru fram auk fræðsluerinda um fræga jazzara. Þá fór fram spurningakeppni þar sem lið skipuð þekktum tónlistarmönnum kepptu á léttum nótum en ljóst var að gestir þorpsins dvöldu margir lengi á staðnum, borðuðu, hittu vini og fjölskyldu og nutu samveru í notalegum stofum. Öll húsgögn þorpsins voru til sölu og hagnaður sölunnar rennur til góðgerðamála enda á vegum Góða hirðisins sem er samstarfsaðili Jazzþorpsins.

Myndirnar tala sínu máli en nú hefur Garðatorg tekið á sig hefðbundna mynd. Bládamadur náði tali af Ólöfu Breiðfjörð menningarfulltrúa þar sem hún var í óða önn að taka þorpið saman ásamt samstarfsfólki sínu og vöskum starfsmönnum Garðabæjar.



Jazzgengið á mikið hrós skilið fyrir frábæra jazzhátíð! F.v. Hans Vera, Kristín Guðjónsdóttir, Ólöf Breiðfjörð og Ómar Guðjónsson

Leggjum hjarta okkar í að útkoman og upplifun gesta verði sem best

„Við erum þessi hópur sem erum vakinn og sofinn yfir Jazzþorpinu og leggjum hjarta okkar í að útkoman og upplifun gesta verði sem best. Við gætum þetta samt ekki án frábæru strákanna úr Garðyrkjudeildinni. Daníel Hoe og Manfréd voru með okkur í uppsetningu ásamt sínum samstarfsmönnum og unnu frábært starf, m.a. að setja upp allar kúlurnar og taka svo niður aftur. Þó við séum öll örþreytt þá erum við ótrúlega glöð eftir vel heppnaða hátíð en gestirnir létu okkur sannarlega finna fyrir þakklæti sínu og gleði.“ segir menningarfulltrúinn okkar. *Myndir Hans Vera og Garðapósturinn*

Ólöf segist fyrst og fremst þakklát fyrir traustið sem henni og Ómari Guðjónssyni listrænum stjórnanda þorpsins er sýnt, en með þeim starfar Kristín Guðjónsdóttir sem er upplifunarhönnuður þorpsins og Halla Kristjánsdóttir sem er Kristínu til aðstoðar. Þá á Hans Vera, listasmíður og ljósmyndari verulegan þátt í að útlit þorpsins er jafn skemmtilegt og það er en Hans smíðar og græjar auk þess sem hann tekur allar opinberar ljósmyndir fyrir Jazzþorpið.





Sumarnámskeið

í Garðabæ

www.gardabaer.is

Skemmtileg
námskeið í
allt sumar!

Mikið úrval sumarnámskeiða fyrir börn verður í boði sumarið **2024** á vegum félaga í Garðabæ.

Í boði eru fjölmörg skemmtileg og þroskandi námskeið í öruggu umhverfi.



GARÐABÆR



Gríptu tækifærið

Bragðaðu á glænýjum tímabundnum
réttum á veitingastað IKEA

Kjúklingabringa
með kartöflugratíni
og maísstöngli

1.395,-



Grilluð lambasteik
með bakaðri kartöflu
og maísstöngli

1.495,-

Veitingastaðurinn er opinn
11-19:30 alla daga
Skoðaðu aðra afgreiðslutíma á [IKEA.is](https://www.ikea.is)

